



ÁBYRGÐARTRYGGINGAR STJÓRNA OG STJÓRNENDA

ÞÓRA HALLGRÍMSDÓTTIR SÉRFRÆÐINGUR
LAGAÐEILD | HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Yfirlit

1. Gildandi lög um vátryggingarsamninga
2. Almennt um gildissvið ábyrgðartrygginga
 - Hvernig stofnast skaðabótaábyrgð
 - Hvaða takmarkanir gilda um skaðabótaábyrgð „starfsmanna“
3. Skilmálar ábyrgðartrygginga stjórna og stjórnenda (stjórnendatrygginga)
 - Ákvæði sem veita rétt
 - Ákvæði sem takmarka rétt

1. Gildandi lög um váttryggingarsamninga

- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004
- Ákvæði um lágmarksrétt neytenda í samskiptum við váttryggingafélög
- Geyma grundvallarreglur um túlkun samninga
- Ófrávíkjanleg ákvæði að mestu en hægt að semja sig frá ákvæðum laganna ef „neytandinn“ er fyrirtæki sem af þeirri stærðargráðu að bera fimm ársverk eða meira (3.gr. laganna)
- Ekki hægt að semja sig undan tilteknum ákvæðum um ábyrgðartryggingar

44.gr. og 46.gr. laga nr. 30/2004

- Í 44.gr. kemur m.a. fram að sá sem telur sig eiga rétt tilgreiðslu úr ábyrgðartryggingu váttryggingafélags geti stefnt váttryggingafélaginu beint til greiðslu
- Í 46.gr. kemur fram að óheimilt sé í öllum váttryggingarsamningum (óháð stærð fyrirtækis) að semja sig undan ákvæði 44.gr.
- Ergo: sá sem telur sig eiga skaðabótakröfu á þann sem ábyrgðartryggður er getur krafist váttryggingafélagið beint

2. Almennt um gildissvið ábyrgðartrygginga

- Vátryggingartaki / vátryggðir tryggja sig gegn skaðabótakröfum „þriðja manns“
- Tjón þeirra felst í því að þeir þurfi að greiða skaðabætur til einhvers / einhverra sem þeir hafa valdið tjóni
- Reglur skaðabótaréttar „ákveða“ hvort einhver þurfi að greiða öðrum skaðabætur
- Ólögfestar en viðurkenndar reglur
- Svipuð sjónarmið í norrænum rétti og víða annars staðar

Meginskilyrði skaðabótaréttar

- Hagsmunir X, sem hægt er að meta til fjár, skerðast
- Þau atvik sem leiða til hagsmunaskerðingar X stafa af athöfn eða athafnaleysi einhvers annars en hans sjálfs
- Sá hinn sami getur borið ábyrgð á eigin gerðum og hefur ekki athafnað sig í neyðarvörn eða af álíka afsökunarlegum ástæðum
- Tiltekin bótaregla á við um aðstæðurnar

Sakarreglan

- Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur. Bókaútgáfan Codex 2005, bls. 140.
- „Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni, sem hann veldur með saknæmum og ólögumætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raskar hagsmunum, sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Það er og skilyrði, að sérstakar huglægar afsökunarástæður eigi ekki ið um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegu heilbrigði“.

Reglan um vinnuveitendaábyrgð

- Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur. Bókaútgáfan Codex 2005, bls. 140.
- „Hún felur það í sér, að vinnuveitandi getur orðið skaðabótaskyldur vegna tjóns, sem starfsmaður hans hefur valdið með saknæmum hætti. Það er ekki skilyrði að vinnuveitandinn sjálfur hafi sýnt af sér saknæma háttsemi, eða aðra þá háttsemi, sem sjálfstætt kann að leiða til skaðabótaábyrgðar hans.“

Sakarmat ólíkra hópa

- Venjulegt sakarmat
- Reglusetning samfélags

- Veikt sakarmat

- Strangt sakarmat sérfræðinga á ólíkum sviðum
- Hverjir eru „sérfræðingar“?
- Þróun skaðabótaréttar

Orsakatengsl og sönnunarbyrði

- Það er ekki nóg að sagnæm háttsemi hafi átt sér stað – hún þarf að hafa valdið skerðingu á fjárhagslegum hagsmunum einhvers annars
- Hvenær tekst slík sönnun?
- Sönnunarbyrði um alla þætti hvílir á þeim sem gerir kröfu – skilyrði, sagnæmi og orsakatengsl
- Ef tjónvaldur hefur betri aðstæður til að tryggja sönnun atvika er sönnunarbyrði mögulega snúið við

Hvað þýðir þetta fyrir stjórnendur lífeyrissjóða?

- Reglusettt umhverfi
- Sérfræðistörf
- Stendur nær að tryggja sönnun atvika en öðrum utanaðkomandi
- Leiðin að gáleysi í skaðabótaréttarlegum skilningi er stutt
- Meðvitund þeirra sem verða fyrir fjárhagslegri skerðingu er nokkur

Til áminningar: sjálfstæðar bótareglur gagnvart stjórnendum félaga

- 1. og 3. mgr. 134. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995
- 1. og 3. mgr. 108. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög
- 44.gr. laga nr. 50/2007 um sameignarfélag
- 74. gr. laga nr. 22/1991 um samvinnufélög

Hlutverk ábyrgðartrygginga

- Einstaklingur sem getur borið skaðabótaábyrgð getur keypt ábyrgðartryggingu (grípur ábyrgð á grundvelli sakarreglu)
- Vinnuveitandi getur keypt ábyrgðartryggingu vegna starfsemi sinnar (grípur ábyrgð á grundvelli reglu um vinnuveitendaábyrgð)
- Stjórnendatryggingar: vinnuveitandi (sjóður, fyrirtæki o.s.frv.) kaupir ábyrgðartryggingu fyrir einstaklinginn sjálfan

Hvaða vernd veita reglur skaðabótaréttar mögulegum tjónvaldi?

- Aðdragandi setningu skaðabótalaga nr. 50/1993: 116. löggjafarþing [326. mál](#), þingskjal 596, liður 4.10
- „Reglur frumvarpsins um bótaábyrgð starfsmanns eru gerðar á grundvelli þess sjónarmiðs að meginreglan skuli vera sú að vinnuveitandi beri endanlega bótaábyrgð á tjóni sem starfsmaður hans veldur þegar hann er við vinnu í þágu vinnuveitandans. Í reynd er þetta svo hér á landi. Venjulega beinir tjónþoli bótakröfu að vinnuveitanda en gerir enga kröfu á hendur launþega sem veldur tjóni við vinnu. Fellur tjónsbyrði því á vinnuveitanda, enda heyrir það til undantekninga að hann endurkrefji starfsmann sem olli tjóni. Eftir gildandi rétti er staða starfsmanns þó formlega önnur og lakari.“

Ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993

- **3. mgr. 19. gr.:** Hafi starfsmaður valdið tjóni sem munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til er starfsmaðurinn ekki skaðabótaskyldur nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis.
- **20.gr.:** Um skaðabótarétt ríkissjóðs, sveitarfélags eða annars opinbers aðila, sem kaupir almennt ekki vátryggingu og hefur því hagsmuni sína í eigin áhættu, fer með sama hætti og vátrygging hefði verið keypt, sbr. 19. gr.

23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993

- **1.mgr.** Bætur, sem vinnuveitandi hefur greitt vegna saknæmrar hegðunar starfsmanns, er aðeins unnt að krefja starfsmanninn um að því marki sem telja má sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti
- **2. mgr.** Skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola má skerða eða fella niður ef það verður talið sanngjarnt þegar litið er til atvika sem getið er í 1. mgr. og hagsmuna tjónþola. Bætur, sem starfsmaður hefur greitt, getur hann krafið úr hendi vinnuveitanda að því marki sem bótaábyrgð hvílir endanlega á vinnuveitanda eftir 1. mgr.
- **3.mgr.** Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um kröfu vinnuveitanda á hendur starfsmanni vegna tjóns sem starfsmaðurinn veldur vinnuveitanda í starfi sínu.

Hrd. 482/2003 Lífeyrissjóður Austurlands

- „Stjórnin hafði samkvæmt framangreindu samþykkt lánastefnu fyrir 1999. Lífeyrissjóðurinn var að byrja að laga sig að lögum nr. 129/1997 og fram er komið að stjórnarmenn höfðu ekki áður mótað fjárfestingastefnu áfrýjanda heldur lotið í flestu ráðslagi stefnda. Þegar þetta er skoðað og málsatvik virt í heild verður að meta stefnda það til **gáleysis** að hafa **keypt umdeilt skuldabréf án þess að hafa áður borið það undir stjórn áfrýjanda. Samkvæmt 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 verður hann þó ekki gerður ábyrgur fyrir tjóni áfrýjanda.**“

3. Skilmálar ábyrgðartrygginga stjórna og stjórnenda (stjórnendatrygginga)

- Ákvæði sem veita rétt:
- Gildissvið þessara ábyrgðartrygginga er fyrst og fremst skaðabótaábyrgð þeirra sem vátryggðir eru gagnvart öðrum
- Öll skilyrði skaðabótaábyrgðar þurfa því að vera staðfest til að til greiðslu komi
- Eftir atvikum önnur ákvæði eins og greiðsla málsvarnarlauna, PR-kostnaðar og fleira

3. Skilmálar ábyrgðartrygginga stjórna og stjórnenda (stjórnendatrygginga)

- Ákvæði sem veita rétt:
- Algengt ákvæði um gildissvið: „THIS IS A CLAIMS MADE POLICY. Except as otherwise provided herein, this Policy covers only CLAIMS first made against the DIRECTORS AND OFFICERS during the PERIOD OF INSURANCE.“
- Svokölluð kröfugerðarregla
 - Skaðabótakrafa eða vitneskja um kröfu þarf að hafa borist á meðan vátryggingin var í gildi.
 - Ekki endilega skilyrði að vátryggingin hafi verið í gildi þegar sú athöfn, sem olli tjóninu átti sér stað.

Hrd. 481/2013 Glitnir

- „Áður er gerð grein fyrir stjórnendatryggingu þeirri sem Glitnir banki hf. keypti hjá áfrýjanda á árinu 2008. Um er að ræða svokallaða kröfugerðartryggingu en í því heiti vátryggingar felst að tilkynna verður vátryggjanda um kröfu sem fellur undir gildissvið hennar á vátryggingartímabilinu en eftir það innan tilkynningarfrests samkvæmt skilmálum tryggingarinnar. Ábyrgðartrygging sem þessi nær til krafna sem beint er að fyrirtæki eða stjórnendum þess persónulega og eiga rætur að rekja til atvika í starfsemi fyrirtækis sem virt verða starfsmönnum þess til sakar.“

Hrd. 481/2013 Glitnir

- „Með vátryggingunni er meðal annars leitast við að koma í veg fyrir að stjórnendur og yfirmenn verði fyrir fjárhagslegum skaða vegna atvika sem er að rekja til starfa þeirra í þágu fyrirtækis. Þegar metið er hvort fyrir hendi er réttur til greiðslu úr kröfugerðartryggingu er samkvæmt framansögðu ekki horft til þess hvort atvik sem leiða til bótaskyldu urðu á gildistíma vátryggingarinnar heldur hvort krafa í tilefni vátryggingaratburðar er höfð uppi á gildistíma vátryggingarinnar eða innan framlengds tilkynningarfrests sé honum til að dreifa.“

3. Skilmálar ábyrgðartrygginga stjórna og stjórnenda (stjórnendatrygginga)

- Ákvæði sem veita rétt:
- Ákvæði sem veita 30 daga sjálfkrafa viðbótarvernd eftir að vátrygging fellur úr gildi
- Ákvæði um að hægt sé að kaupa viðbótarvernd ef vátryggingafélag neitar að „endurnýja“ ábyrgðartryggingu
- Ákvæði sem veita stjórnarmönnum og stjórnendum sem hætta (retired) á vátryggingartímabilinu auka 72 mánaða vernd gagnvart skaðabótaábyrgð vegna athafna áður en þeir hætту að uppfylltum ákveðnum skilyrðum

Hrd. 54/2013 VBS

- Skaðabótakrafa á stjórnendur váttryggingartaka kom fram í lok apríl 2010.
- „Samkvæmt ákvæði A.1. í III. kafla skilmála fyrrgreindrar stjórnendaábyrgðartryggingar tók við 30 daga tímabil eftir að eiginlegum gildistíma tryggingarinnar lauk, en óumdeilt er að það var 22. júní 2009. Í ákvæðinu var mælt svo fyrir um að ef tryggingin væri ekki endurnýjuð á því tímabili, með þeim hætti sem þar var kveðið á um, rynni hún sitt skeið á enda. Óumdeilt er að það var ekki gert og féll hún því úr gildi.“

Hrd. 390/2012 Glitnir

- Stjórnendatrygging var í gildi 1. maí 2008 – 1.maí 2009. Skaðabótakrafa barst eftir þann tíma.
- Ákvæði skilmála: „A.3. Ef váttryggjandi neitar að bjóða endurnýjun skilmála og skilyrða eftir að váttryggingin rennur úr gildi skal FÉLAGIÐ og STJÓRNARMENN OG YFIRMENN eiga rétt á að kaupa 12, 24 eða 36 mánaða tilkynningarfrest að eigin vali.“

Hrd. 390/2012 Glitnir

- Niðurstaða Hæstaréttar:
- „Orðalag ákvæðis A.3 í III. kafla skilmálanna er ótvírætt um að **ekki getur reynt á rétt vátryggðs til að kaupa viðbótar tilkynningarfrest nema vátryggjandi hafi áður neitað að bjóða endurnýjun fyrri samnings**. Loks verður ekki litið framhjá því að hafi áfrýjandi talið 8. júlí 2009, án þess að stefnda væri það ljóst, að sá síðarnefndi hafi neitað að endurnýja trygginguna og áfrýjandi ætti þar með rétt á framlengdum fresti, **bar honum að gera stefnda kunna þá afstöðu sína og bjóða fram greiðslu iðgjalds.**“

Hrd. 481/2013 Glitnir

- „Svo tilkynningarfrestur geti framlengst um 72 mánuði frá lokum vátryggingartímabils þarf fimm skilyrðum samkvæmt umræddum H-lið að vera fullnægt og þeim öllum í senn. Í fyrsta lagi því skilyrði að Glitnir banki hf. hafi hvorki endurnýjað hjá áfrýjanda upphaflega vátryggingu né keypt í hennar stað aðra sem veitir stjórnendum og yfirmönnum ábyrgðartryggingu. Í öðru lagi því skilyrði að ekki hafi verið keyptur viðbótar tilkynningarfrestur samkvæmt A-lið III. hluta vátryggingarskilmálanna.“

Hrd. 481/2013 Glitnir

- „Í þriðja lagi að um sé að ræða stjórnendur og yfirmenn sem *létu af störfum* hjá váttryggingartaka áður en váttryggingin féll úr gildi. Í fjórða lagi að einvörðungu sé um að ræða kröfu sem hefði að öðrum kosti fallið undir gildissvið váttryggingarskírteinisins. Í fimmta lagi þarf að fullnægja því skilyrði að meðan stjórnandi eða yfirmaður starfaði hjá váttryggingartaka hafi átt sér stað háttsemi sem virt verði viðkomandi til sakar eða því sé haldið fram að slík háttsemi hafi átt sér stað.“

Hrd. 481/2013 Glitnir

- „Fyrir liggur samkvæmt því sem áður greinir að Glitnir hf. endurnýjaði ekki stjórnendatrygginguna sem Glitnir banki hf. keypti hjá áfrýjanda á árinu 2008 þegar gildistíma þeirrar tryggingar lauk. Á hinn bóginn er upplýst að Glitnir hf. keypti á árinu 2009 aðra stjórnendatryggingu hjá váttryggingarfélaginu UIB eins og áður er rakið. Var því keypt ný trygging hjá öðru váttryggingafélagi í stað hinnar upphaflegu í skilningi H-liðar III. hluta stjórnendatryggingarinnar frá 2008.“

Hrd. 481/2013 Glitnir

- „Er því samkvæmt skýru og afdráttarlausu orðalagi H-liðarins ekki fullnægt því skilyrði að ekki hafi í stað upphaflegu tryggingarinnar verið keypt önnur trygging sem veitir stjórnendum og yfirmönnum ábyrgðartryggingu. Skiptir í því sambandi ekki máli þótt nýja tryggingin sé ekki að öllu leyti sama efnis og sú fyrri. Eins og áður segir þarf öllum framangreindum fimm skilyrðum að vera fullnægt í senn svo tilkynningarfrestur samkvæmt umræddum H-lið geti framlengst. Þegar af þessari ástæðu verður áfrýjandi sýknaður af kröfum stefndu í málinu.“

Áhrif laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004

- Ákvæði í skilmálum um á „íslensk lög“ gildi um samninginn
- Þýðir það að lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gildi?
- Þarf að taka sérstaklega fram í samningi að aðilar semji sig frá þeim lögum með vísan til 3.gr. þeirra?

Hrd. 54/2013 VBS

- “Sérstaklega var tekið fram í vátryggingarskírteini að við lok gildistíma vátryggingarinnar myndi hún ekki endurnýjast. **Heimilt var** samkvæmt fyrrgreindri 2. mgr. 3. gr. laga nr. 30/2004, sem og niðurlagi 2. mgr. 18. gr. laganna, að **víkja með þessum hætti frá almennum fyrirmælum** 18. gr. um endurnýjun vátryggingarskírteinis. Í vátryggingarskírteininu var einnig vísað til þess að **skilmálar tryggingarinnar séu á ensku, en sú tilhögun var heimil gagnvart VBS Fjárfestingarbanka**, sbr. fyrrgreinda 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. laganna.“

Hrd. 54/2013 VBS

- „Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður ekki séð að lög nr. 30/2004 hamli því að stefndi Sjóvá geti borið fyrir sig ákvæði í skilmálum ábyrgðartryggingarinnar um að krafa á hendur stjórnanda VBS Fjárfestingarbanka þurfi að koma fram á gildistíma tryggingarinnar. Breytir engu í því sambandi þó að stefnandi hafi sem tjónþoli ekki átt aðild að samningi milli VBS Fjárfestingarbanka og stefnda Sjóvár um ábyrgðartrygginguna, sbr. 4. mgr. 44. gr. laganna.“

Mögulegar mótbárur vátryggingafélags

- Skaðabótaréttarlegar mótbárur sem tjónvaldur hefur getur vátryggingafélag borið fyrir sig
 - Meðábyrgð tjónþola - **23.gr. skaðabótalaga** – **orsakatengsl** - fyrning o.s.frv.
- Aðrar mótbárur getur vátryggingafélag einnig borið fyrir sig – t.d. vátryggingaréttarlegar ef þær varða ekki háttsemi tjónþola eftir tjónið
 - Upplýsingaskylda vátryggingartaka - Áhættubreyting
 - Brot á varúðarreglum - Háttsemi sem leiðir til tjóns
 - Tímamörk – tilkynningafrestir - Eigin áhætta
 - vátryggingartaka – Hámarksvátryggingarfjárhæð

3. Skilmálar ábyrgðartrygginga stjórna og stjórnenda (stjórnendatrygginga)

- „Vátryggingaréttarleg“ Ákvæði sem geta takmarkað rétt:
- Lögsaga erlendis
- Upplýsingaskylda þess sem kaupir ábyrgðartryggingu áður en samningur er gerður hverju sinni um áhættu
- Þýðing þess að nýir samningar eru gerðir árlega
- Ef rangar eða ófullnægjandi upplýsingar eru gefnar getur réttur til bóta úr ábyrgðartryggingu takmarkast eða fallið niður

Sérstakir tilkynningafrestir – athuga hverju sinni



Hrd. 619/2012 – hægt að semja um lögsögu annars staðar en á Íslandi

- „Almennt verður talið að sérstaklega umsamin ákvæði í samningum gangi frammar ákvæðum staðlaðra samningsskilmála ef þau verða ekki samrýmd. Samkvæmt því verður talið að í skilmálunum felist að **samið hafi verið um lögsögu dómstóla í Englandi og Wales**. Fær sú niðurstaða stuðning af samhljóða ákvæði í váttryggingarskírteini fyrir þetta tímabil sem að framan er rakið,“